

**From:** Þórarinn Þórarinsson  
**Sent:** Thu, 18 Jan 2024 07:09:58 -0500  
**To:** skeidgnup@skeidgnup.is  
**Subject:** V. Búrfellslundar

Góðan dag

Mig langaði að senda nokkrar línur á Sveitastjórn Skeiða og Gnúpverjahrepps.

Ég hef verið að fylgjast með og kynnt mér umræðu um svokallaða vindmillugarða eða vindorkuver undanfarin 2 ár c.a. og ég verð að segja að manni stendur töluverður uggur af því að fylgjast með umræðu og vinnubrögðum varðandi þessi mál.

Þögn ráðherra er stórfurðuleg í máli sem þessu sem er svo sannarlega ekki sátt um í samfélaginu, umræða þeirra sem ætla sér að reisa hér vindorkuver upp um allar koppagrundir virðist svo algerlega skeytingarlaust gagnvart mótmælum og áhyggjum landsmanna.

Ég hjó enn og aftur eftir því í grein frá Landsvirkjun þar sem útboð þessa lundar er kynnt, þó engin leyfi séu til staðar, að þeir tala um afkasta getu upp á 440KW.. Aftur sem áður er þarna tranað fram hámarksafköstum m.v. 100% nýtingu og bestu aðstæður... Reyndin er hinsvegar sú að hvergi nokkursstaðar í heiminum skila vindorkugarðar meira en c.a. 30% nýtingu að meðaltali vegna breytileika á vindstyrk og annarra þátta. Það má því gera ráð fyrir að þessi lundur skili ekki meira en í besta falli 150MW. Og hvornig þessir viðskiptajöfrar ætla sér að geta kreist einhvern hagnað út úr þessu á ódýrasta orkusvæði í heimi er mér fyrirmunað að skilja, þessi iðnaður skilar nánast hvergi krónu í hagnað, en hann skilar hins vegar töluverðu í vasa rekstraraðila í formi styrkja og ívilnana úr Ríkissjóði landsmanna, og þar liggur hundurinn grafinn að ég tel.

Fyrir utan alla lógistík og rask af þessu þá get ég bara ekki með góðu móti séð nokkuð jákvætt við vindorkugarða, og alveg sérstaklega ekki á Íslandi. Ég held að þessi staða sé ennfremur komin upp vegna þess að hin ýmsu stjórn mála og hagsmunasamtök sem hafa lengi staðið í vegi fyrir hverskyns uppbyggingu í orkuöflun á Íslandi hafi einfaldlega skotið sig í fótinn, það er búið að loka fyrir nánast alla vatnsorkukosti sem þó skilar um 90% nýtingu og þær virkjanir sem fyrir eru hafa tikkað í tugi ára og sér ekki fyrir endan á, þó vissulega fylgi þeim einnig rask þá er það umtalsvert minna en af óhagkvæmum vindmyllum sem endast í 25 ár í besta falli. Ólíklegt verður að teljast að þessir sömu aðila komi til með að viðurkenna mistök sín og því treysti ég og trúi að sveitastjórnir landsins muni stíga fast niður fæti þegar kemur að þessum áformum.

Mig langar að biðja t.d. sveitastjórn Skeiða og Gnúpverahrepps að í það minnsta fara í alvögu rannsóknarvinnu á kostum og göllum í þessum málum, sem vonandi hefur þegar verið gert.. Einnig er vert að ítreka að það þarf að kalla eftir svörum við óþægilegum spurningum af hálfu þessara afla sem eru að þrýsta á þessar framkvæmdir í dag, þeir eiga ekki að fá að valsa með þetta í gegn... Þetta er ekki nýtt útspil, þetta var t.d. gert í Helguvík þar sem álveg átti að reisa áður en búið var að tryggja orku... Það sama er upp á teningnum í fiskeldi... hér er verið að skjóta fyrst og spyrja svo...

Við þurfum ekki að finna upp hjólið hvað þetta varðar, lítum til vina okkar t.d. á norðurlöndum þar sem þeirra farir eru ekki sléttar í þessum efnum. Maður getur skilið að t.d. Færeyingar reisi vindmyllur þar sem landkostir bjóða ekki upp á margt annað en á Íslandi er nóg af fallvatni og jarðvarma til að vinna úr orku með betri nýtingu og minna raski á náttúru...

Með vegsemd og virðingu

--

***Thorarinn Thorarinsson***

***Viðskiptafræðingur***

Herjólfsgata 18 (e.h)

Hafnarfjörður,

220, Iceland

Tel: +354 869 1840

E-mail: [toti2282@gmail.com](mailto:toti2282@gmail.com)